

280. fundur

Þriðjudaginn 7. apríl 2020, kom verðlagsnefnd búvara saman til fjarfundar.

Þeir sem sátu fundinn voru: Friðrik Már Baldursson, formaður, Arnar Árnason, Guðrún Lárusdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Jóhanna Hreinsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson og Ragnar Árnason. Forföll boðaði Hálfván Óskarsson. Þá sat Arnar Freyr Einarsson einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð.

Afgreitt í tölvupósti milli funda. Samþykkt.

2. Staða endurskoðunar verðlagsgrundvallar.

Formaður greindi frá því að Hagstofa Íslands hafi mótttekið erindi verðlagsnefndar um ósk um samstarf um gagnaöflun og gerð nýs verðlagsgrundvallar kúabús. Þar er vinna farin af stað um hvernig rannsókn á rekstri kúabúa gæti verið háttáð við endurskoðun verðlagsgrundvallar. Hins vegar mun verkefnið dragast vegna áhrifa Covid-19 faraldursins á starfsemina. Formaður og ráðuneyti verða í samskiptum við stofnunina.

3. Verðlagning á mjólkurdufti.

Formaður greindi frá eftirfylgni Samtaka Iðnaðarins vegna erindis um verð landbúnaðarhráefnum til iðnaðarframleiðslu. Umræður um undanrennu- og nýmjólkurduft. Ljóst að slíkar vörur séu annars eðlis en þær vörur sem verðlagðar eru og seldar eru í smásölu, hvað varðar viðskiptasambönd og samningsstöðu á kaupenda- og seljendahlíð. Formaður lagði til að mjólkurduft yrði tekið út af lista sem háðar eru verðákvörðun nefndarinnar, með þeim rökum að um er að ræða aðfangavöru í iðnaði þar sem fáir stórir aðilar eru á kaupendahlíð og að aðilar markaðsins séu færir um að semja um verð sín á milli. Umræður. Bent var á að ákveðið jafnvægi væri í núgildandi kerfi gagnvart öðrum vörum og það myndi raskast með slíkri ákvörðun. Skoða þurfi málið frá öllum hliðum, svo sem búvörusamningum og verðlagningarkerfinu í heild sinni. Endurskoðun á fyrirkomulagi verðlagningar standi yfir og æskilegt væri að fjalla um málið á þeim vettvangi. Samþykkt með meirihluta að fresta málinu þar til það hefur verið rannsakað betur.

4. Verðlagsgrundvöllur kúabús.

Lagður fram framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir 1. mars 2020. Gjaldaliðir grundvallarins hafa hækkað um 0,33% frá 1. desember 2019. Lágmarksverð til framleiðenda var hækkað um 2,5% í janúar byrjun 2020. Sú hækkun kom á móts við hluta hækkunar frá þarsíðustu verðlagningu 1. september 2018. Samanlögð hækkun gjaldaliða frá verðlagningu í september 2018 að frádreginni 2,5% verðhækkun um áramót er 3,74%. Að loknum ítarlegum umræðum um þróun og stöðu endurskoðunar verðlagsgrundvallarins var staðfestur af meirihluta. Bókun: Helga Ingólfssdóttir telur framlagðan verðlagsgrundvöll ekki endurspegla bú af hagkvæmri stærð sbr. 8. gr. búvörulaga nr. 99/1993.

5. Ákvörðun um verðlagningu til framleiðenda.

Formaður lagði til að verðákvörðun yrði frestað um sinn í ljósi fordæmalausra aðstæðna um þessar mundir og mikillar óvissu. Umræður. Ljóst að fyrirkomulag verðlagningarkerfisins er að mæta kostnaðarhækkunum sem þegar hafa fallið til. Fram kom að þrátt fyrir að t.d. spár Seðlabankans gera ekki ráð fyrir miklum verðbólguáhrifum hafa ýmis aðföng hækkað nokkuð vegna gengisáhrifa. Mikilvægt er að viðhalda stöðum landbúnaðar, sérstaklega í ljósi aðstæðna. Vilji er til að sýna samfélagslega ábyrgð en þó ljóst að mikilvægt sé fyrir bændur og iðnaðinn að tekin verði verðákvörðun á næstunni. Samþykkt hafi verið við síðustu verðlagningu að geyma hluta hækkunar og tíðni verðákvörðana augin eftir atvikum, til að koma í veg fyrir uppsöfnun á hækkunarþörf. Ákveðið að fresta ákvörðun um verðlagningu en að stefnt verði að fundi síðari hluta máí.

6. Önnur mál.

Á fundinum kom fram að nefndarmenn leggi áherslu á að vinnu við endurskoðun verðlagsgrundvallar verði hraðað sem kostur er.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:45.